

Nr. 27/1884.

Snorri prestur Norðfjörð  
gegnH. Thejll fyrir hönd H. A. Clausens  
verzlunar á Búðum.

## D ó m u r :

Með stefnu, dagsettri 30. júnímán. f. á., hefur Snorri prestur Norðfjörð áfrýjað til yfirdómsins dómi aukarjettar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, gengnum 28. nóvbr. 1881, og fjárnámsgjörð, sem háð var af fógetarjetti sömu sýslu 6. septbr. 1882, en með honum var nýnefndum dómi veitt fullnusta. — Áfrýjandi hefur fengið uppreisn til áfrýjunar þessarar, svo og gjafsókn fyrir yfirdómi og sjer settan málfærslumann.

Með nefndum dómi var áfrýjandi dæmdur til að greiða hinum stefnda kaupstaðarskuld, að upphæð 104 kr. 79 a. og 5% vexti af þessari upphæð frá kærudegi, unz borgun yrði greidd, og ennfremur áfallinn málskostnað 200 kr. 61 eyri, samt allan af málinu framvegis leiðandi löglegan kostnað.

Með hinni nefndu fjárnámsgjörð var þessum dómi veitt fullnusta þannig, að allar bæði útistandandi og væntanlegar embættistekjur áfrýjanda voru teknar lögtaki

1. til lúkningar skuld þeirri, sem hann var dæmdur til að greiða . . . . .	104 kr. 79 a.
2. 5% af henni frá 17. okt. 1881 til 6. sept. 1882 . . . . .	4 — 62 -
3. málskostnaður etc. . . . .	355 — 77 -
Samtals kr.	465 18 a.

Hjer fyrir rjettinum hefur áfrýjandi krafizt principaliter:

1. Að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kærnum og kröfum stefnda í þessu máli.
2. Að fógetagjörð sú, sem fram fór í þessu máli hinn 6. septbr., verði dæmd öldungis ólögmet, og stefndi dæmdur til að borga áfrýjanda í skaðabætur 1400 kr.
3. Að stefndi verði dæmdur til að borga áfrýjanda hæfilegan málskostnað fyrir báðum rjettum, svo sem málið ekki væri gjafsóknarmál, þar á meðal hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns áfrýjanda, en subsidialiter, að áfrýjandi verði dæmdur til að borga hina uppástefndu skuld til Búðarverzlunar 104 kr. 79 a.; hinar aðrar vara-kröfur hans eru hinar sömu og nefndar eru undir 2. og 3. tölulið í aðalkröfu hans.

Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hann verði sýknaður af kærnum og kröfum áfrýjanda í þessu máli bæði hvað skaðabætur og málskostnað snertir, og áfrýjandi dæmdur í hæfilegan málskostnað.

Málavextir eru þannig, að áfrýjandi skuldaði fyrst í október 1880 verzlun H. A. Clausens á Búðum frá því 1877 fyrir ýmsar vörur, er hann hafði fengið við tjeða verzlun, 135 kr. 63 a. — Þegar áfrýjandi fjekk þetta lán við nefnda verzlun var þar verzlunar stjóri Holgeir Clausen, sonur H. A. Clausens, en seinna — af dómsgjörðunum sjest ekki hvenær — varð H. Thejll þar verzlunarstjóri. — Þegar áður en Theill tók við forstöðu verzlunar þessarar, hafði ágreiningur risið milli áfrýjanda og Holgers Clausens, út af skuld þessari, og vildi áfrýjandi ekki greiða



nana nema því að eins, að sjer yrði bættir upp 33 a. á hverju af 24 kópsskinnum, er hann hafði lagt inn við verzlunina, og Holger Clausen skilaði sjer aptur kíkir, er hann hafði átt í verzlun Clausens um mörg ár. Haustið 1880 hittust þeir áfrýjandi, Holgeir Clausen og verzlunarstjóri Thejll á Syðri-Garði í Staðarsveit. Var þá tilrætt um skuld þessa, og urðu þeir áfrýjandi og Holger Clausen í viðurvist Thejlls — þannig hefur áfrýjandi sagt söguna og er því ekki löglega mótmælt af hinum stefnda — ásáttir um, að áfrýjandi skyldi borga honum við fyrstu hentugleika upp í skuldina lýsi, er hann ætti á 4 ankerum, annaðhvort við Búðir eða í Stykkishólmi, en hið eptirstandandi skyldi hann greiða í sumarkaupþíð 1881, en hins vegar skyldi Clausen láta af hendi við hann ofan umgetinn kíkir, hvenær sem hann vildi. Áfrýjandi lagði inn á Búðum hið lofaða lýsi í október 1880; stóð þá eptir af skuldinni 104 kr. 79 a., er áfrýjandi samkvæmt áður sögðu skyldi greiða í sumarkaupþíð 1881; um vorið 1881 sendi hann mann til Clausens eptir kíkirnum; en þá svaraði Clausen, að hann fengi hann ekki fyr en hann væri búinn að greiða alla skuld sína; þóttist þá áfrýjandi ekki skyldur að greiða að svo stöddu skuld sína, þar sem Clausen hefði ekki að sínu leyti haldið samninginn, sem gjörðist að Syðri-Garði haustið 1880. Nú kemur Thejll til sögunnar, og kærir áfrýjanda fyrir sátta-nefnd 17. okt. 1881 út af eptirstöðvum skuldarinnar 104 kr. 79 a. — Í kæruskjalinu byggir hann á opt nefndum samningi að Syðri-Garði, en svo er að sjá, sem hann leggi aðra þýðingu í samning þennan, eða gangi út frá því, að hann hafi verið öðruvísi en á-

frýjandi hermir. En með því að hann hvorki hefur skorinort mótmælt sögusögn áfrýjanda um samninginn, sem líka styðst af öðru, sem fram er komið í málinu, nje heldur sannað, hvernig hann þá hafi verið, ber að skoða framburð áfrýjanda í þessu tilliti sem sannaðan. En H. Thejll hefur lýst því yfir, að hafi þessi samningur verið gjörður á þá leið, sem áfrýjandi frá skýrir, þá hafi Holger Clausen brostið heimild til að gjöra hann. En yfirdómurinn verður að líta öðruvísi á. Málsfærslumaður áfrýjanda hjer fyrir rjettinum hefur tekið það fram, að Holger Clausen sje meðeigandi (Associé) verzlunar þeirrar hjer á landi, sem rekin er undir nafni H. A. Clausens, og þá einnig verzlunarinnar á Búðum, er H. Thejll veitir forstöðu, og þessu hefur mótparturinn ekki mótmælt; hann var því bær um að semja við áfrýjanda um greiðslu á skuldinni, og H. Thejll hlaut, sem þjónn verzlunarinnar að hlíta aðgjörðum húsbónda síns. — Nú hefur Holger Clausen ekki að sínu leyti uppfyllt loforð sitt í samningnum, að skila áfrýjandanum aptur hinum opt nefnda kikir, og ber því, þareð skuld áfrýjanda nú ekki lengur er byggð á þeirri einhliða skuldbindingu, sem orsakaðist við lántöku hans, heldur á hinum tvíhliða samningi við Holger Clausen, að sýkna hann af kærum og kröfum hins stefnda.

Að því snertir hina áfrýjuðu fjárnámsgjörð, hlýtur hún samkvæmt þeim úrslitum, sem orðin eru í þessu máli, úr gildi að falla. En að því kemur til skaðabótakröfu áfrýjanda, þá hefur hann haldið því fram, og því til sönnunar lagt fram skrá, er hann sjálfur hefur samið yfir þær embættistekjur hans, sem teknar hafa verið lögtaki, að frá hans hálfu sje í þetta



mál komnar 800 kr. 82 a. — En hjer við er aðgætandi, að frá þessum 800 kr. 82 a. ber að draga 78 krónur 90 a., er áfrýjandi sjálfur hefur varið sumpart til þess að áfrýja málinu sumpart til annars; verða þá eptir 721 kr. 92 a., sem hinn stefndi að vísu hefur mótmælt, þar reikningur áfrýjanda sje „óáreiðanlegur“; en slík mótmæli hins stefnda eru svo óákveðin, að þau eru ónóg til að hrinda skýrslu áfrýjanda um þetta efni, og ber því áfrýjanda að fá endurgoldnar, eða í skaðabótaskyni 721 kr. 92 a. hjá hinum stefnda. Málskostnaður fyrir undirdómi virðist eiga að falla niður, en málskostnað fyrir yfirdómi virðist hinn stefndi eiga að greiða eins og málið ekki hefði verið gjafsóknarmál af hendi áfrýjanda, og þar á meðal 20 kr. í málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns áfrýjanda.

Það vottast, að flutningur málsins, að því það er flutt með gjafsókn, hefur verið vítalaus.

#### Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi, Snorri prestur Norðfjörð, á að vera sýkn af kærnum og kröfum stefnda í máli þessu. Hin áfrýjaða fjárnámsgjörð skal úr gildi numin. Hinn stefndi, H. Thejll, fyrir hönd verzlunar H. A. Clausens á Búðum, greiði áfrýjanda sem skaðabætur 721 kr. 92 a. Málskostnaður í hjeraði falli niður. Hinum stefnda ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi, kostnað eins og málið ekki hefði verið gjafsóknarmál af hendi áfrýjanda, og þar á með-

al málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns áfrýjanda, málaflutningsmanns Franz Siemens, 20 krónur.

Hið ídæmda greiðist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 29. febrúarmán.

Nr. 38/1884. Lögafar Þorsteins Daniélssonar  
og konu hans  
Margrjetar Þorláksdóttur  
gegn  
dánarbúi Þórðar prófasts Jónassens.

D ó m u r :

Með stefnu, sem út var gefin 24. septembermán. f. á., eptir að uppreisn var fengin 19. s. m., hafa lögafar Þorsteins Daniélssonar og konu hans Margrjetar Þorláksdóttur áfrýjað til yfirdómsins úrskurði, kveðnum upp fyrir skiptarjetti Eyjafjarðarsýslu 31. októbermán. 1883, en með þeim úrskurði var Þórður prófastur Jónassen sagður rjettbær testamentariskur erfingi að  $\frac{1}{4}$  hluta skuldlausra eigna dánarbús Þorsteins Daniélssonar frá Skipalóni.

Hafa áfrýjendurnir fyrir yfirdóminum krafizt, að hinn áfrýjaði skiptarjettarúrskurður verði dæmdur ómerkur og úr gildi felldur, og þeir dæmdir sýknir af kærum og kröfum dánarbús Þórðar prófasts Jónassens. Á hinn bóginn hefur af hendi síðar nefnds dánarbús verið krafizt, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjendurnir in solidum dæmdir til að greiða búinu hæfilegan málskostnað.